

Fyrirspurn

til forseta Alþingis um meðferð trúnaðarupplýsinga og skyldur þingmanna.

Frá Óla Birni Kárasyni.

1. Hvernig er reglum forsætisnefndar um meðferð trúnaðarupplýsinga fylgt eftir?
2. Hversu oft hafa fastanefndir þingsins frá og með 143. löggjafarþingi bókað í trúnaðarmálabók skv. 4. gr. reglna forsætisnefndar um meðferð trúnaðarupplýsinga?
3. Hefur forsætisnefnd fengið kvörtun, kæru eða ábendingu vegna „leka“ á trúnaðarupplýsingum sem þingnefndir eða þingmenn hafa fengið? Ef svo er, hversu oft frá og með 143. löggjafarþingi? Hefur forsætisnefnd gripið til einhverra ráðstafana eða kannað réttmæti slíkra kvartana?
4. Hverjir hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum sem fastanefndir fá afhentar? Hvernig er sá aðgangur og hvernig er öryggi upplýsinganna tryggt?
5. Hafa þingmenn frá og með 143. löggjafarþingi verið áminntir vegna brota á 52. gr. þingskapa um þagnarskyldu, eða vegna brota á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga?
6. Telur forseti að ástæða sé til að endurskoða reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga?

Skriflegt svar óskast.